




Staða skipulags, haf- og strandsvæða við Ísland

Sigmar Arnar Steingrímsson
Málþing um haf- og strandsvæðaskiplag
Reykjavík 27. maí 2013

Landsskipulagsstefna 2013-2024

- Skv. skipulagslögum skal umhverfisiráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.
- Ráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu.
- Áherslur ráðherra 2013-2024
 - Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands.
 - Búsetumynstur – dreifing byggðar.
 - **Skipulag á haf- og strandsvæðum.**



The screenshot shows the website for the Landsskipulagsstefna 2013-2024. The header includes the logo and navigation tabs for Forsíða, Um landskipulagsstefnu, Samráðs-vettvangur, Áættanir á landsvísi, Staða og þróun skipulagsmála, Samræmd landskipulagsstefna, and Afgreiðsla landskipulagsstefnu. The main content area features a large image of a crowd and a section titled 'Um landsskipulagsstefnu' with a sub-header 'Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Hún felur almennt ekki í sér fyriræði um nákvæma útfærslu landnotkunar nema að um hana sé fjallað í fyrirliggjandi áættunum opinberra aðila.' Below this is a 'Fréttir' section with two articles: 'Endurskoðun á forsenduskjötum landsskipulagsstefnu' and 'Tillaga að landsskipulagsstefnu lögð fram á Alþingi'. The right sidebar contains a 'ATHUGASEMDIR' section with a list of items: AKVÖRDUN UM ÁHERSEUR, GERÐ LÝSINGAR, KYNNING LÝSINGAR, MÖTUN TILLOGU, AUGLÝSING TILLOGU, GERÐ ÞINGSÁLYKTUNAR, and AFGREIÐSLA ÞINGSÁLYKTUNAR.



The cover of the report features the title 'Landsskipulagsstefna 2013-2024' and the subtitle 'Tillaga uppfærð með viðbrögðum Skipulagsstofnunar við athugasemdir'. At the bottom, it reads 'Miðhálandið, búsetumynstur og skipulag haf- og strandsvæða'.



The cover of the report features the title 'Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags' and the subtitle 'Uppfærð með viðbrögðum Skipulagsstofnunar við athugasemdir'. At the bottom, it reads 'Fylgiskjal með landsskipulagsstefnu 2013-2024'.

Áskoranir varðandi haf- og strandsvæði

- Aukinn áhugi á notkun og nýtingu á haf- og strandsvæðum
- Auknar líkur á hagsmunaárekstrum
- Aukið álag á vistkerfi hafsins





Landsskipulagsstefna – stöðugreining


Áhersla var lögð á að safna upplýsingum um stöðu mála á hafsvæðum við Ísland.

Samstarfsaðilar Skipulagsstofnunar:

- Fiskistofa,
- Hafrannsóknastofnunin,
- Landhelgisgæsla Íslands,
- Orkustofnun,
- Siglingastofnun Íslands,
- Umhverfisstofnun








Meginmarkmið stefnu Íslands í málefnum hafsins er að viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins

Skilgreining á haf- og strandsvæði:

- Strandsvæði nær 115 m á sjó út frá stórstrau (netlög)
- Hafsvæði eru utan strandsvæða að mörkum efnahagslögsögunnar



Skipulag sveitarfélaga tekur til strandsvæða

Leiðarljós

- Hafsvæðin við Ísland búa yfir mikilvægum auðlindum sem viðhalda þarf á grundvelli heilbrigðis , líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins.
- Stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum sé skýr og samræmd.

Markmið

1. Nýting auðlinda haf- og strandsvæða grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins, taki mið af varúðarreglunni og mótist af vistkerfisnálgun. Viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo að nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð.
2. Stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum sé skýr og samræmd og hlutverk stjórnvalda við gerð og framkvæmd skipulags skýrt.
3. Aðgerðir og framkvæmdir á haf- og strandsvæðum byggist á heildstæðri stefnumörkun og eftir atvikum svæðisbundnum skipulagsáætlunum sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Leiðir til að ná markmiðum um skipulag á haf- og strandsvæðum eru m.a. eftirfarandi:

1. Sett verði löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða sem kveði á um stjórnýslu málaflokksins og ábyrgð stjórnvalda gagnvart honum.
2. Mótuð verði heildstæð stefna um skipulagsmál haf- og strandsvæða við fyrstu endurskoðun landsskipulagsstefnu.
3. Ákvarðanir um skipulag byggji á rannsóknum, tækni og þekkingu þar sem virðing fyrir náttúrunni sé höfð í fyrirrúmi.
4. Ákvarðanir um skipulag byggist á samstarfi og samráði ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Eftirtaldir vísar gefa til kynna hvernig miðar í átt að markmiðum um skipulag haf- og strandsvæða:

1. Eigi síðar en haustið 2013 verði hafinn undirbúningur við gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða.
2. Hafin verði vinna við gerð skipulags fyrir haf- og strandsvæði á grundvelli settra laga. Það stjórnvald sem annast mun gerð skipulagsins samkvæmt nýrri löggjöf annist eftirfylgni.

